



## FUNDARGERÐ

222. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs  
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 27. júní 2022  
og hófst hann kl. 08:15.

### Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Einar Bárðarson, Klara Viðarsdóttir og Anton Kári Halldórsson.

**Fundargerð ritaði:** Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri.

### Dagskrá:

#### 1. Stjórn skiptir með sér verkum - 2206058

*Kosning formanns, varaformanns og ritara*

Tillaga er um að Eggert Valur Guðmundsson verði formaður, Nanna Jónsdóttir varaformaður og Tómas Birgir Magnússon ritari.

Samþykkt samhljóða

#### 2. Rekstraryfirlit 2022 - 2203022

*Rekstraryfirlit janúar til maí 2022*

Rekstraryfirlit frá janúar til mars lagt fram til kynningar. Reksturinn er í ágætis jafnvægi. Launakostnaður er undir áætlun en vegna aukinnar verðbólgu eru fjármagnsliðir yfir áætlun eftir fyrstu 5 mánuði ársins.

#### 3. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

*Farið yfir ýmis rekstrarmál*

Einar Bárðarson fór yfir ýmis rekstrarmál. Stjórn ræddi framtíðarsýn og stefnumótun í málaflokknum. Framkvæmdarstjóra falið að taka saman gögn frá fyrri þjónustukönnun og leggja fyrir stjórn og undirbúa nýja þjónustukönnun.

#### 4. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058

*Farið yfir stöðu mála.*

Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um stöðu verkefnisins og þá valkosti sem skoðaðir hafa verið og leggja fyrir stjórn. Stjórn ræddi framtíðarfyrikomulag á afsetningu á dýrahæjum. Ákveðið að fá Stefán Gíslason á næsta fund stjórnar til að kynna stöðu verkefnisins.

#### 5. Sorphirða - 2203024

*Farið yfir stöðu mála.*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu sorphirðu. Unnið er eftir sorphirðudagatali. Rætt var um kosti og galla núverandi fyrirkomulags. Stjórn hvetur íbúa til að taka virkan þátt í flokkun sem til lengri tíma skilar sér í lægri sorpgjöldum.

**6. Gjaldskrár Sorpstöðvar - 1811016**

*Farið yfir gjaldskrá við móttöku úrgangs á Strönd.*


Gjaldskrá Sorpstöð Rangárvallasýslu lögð fram til kynningar. Stjórn samþykkir að skoða breytingar á gjaldskrá í tengslum við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2023.

**7. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands - 2203021**


*311. stjórnarfundur SOS*

Fundargerð lögð fram til kynningar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.**

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Nanna Jónsdóttir

  
Tómas Birgir Magnússon